

Mánudaginn 6. júlímánaðar.

Nr. 17/1903:

Réttvísinn

gegn

Birni Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkur, gengnum 24. febr. þ. á., var hinn ákærði, húsmáður í Reykjavík Björn Guðmundsson, dæmdur fyrir brot samkvæmt 177. gr. sbr. 169. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5×5 daga og til að greiða allan af málinu gegn honum og varðhaldi hans leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til cand. jur. Guðmundar Sveinbjörnssonar, 6 kr.

Dómi þessum er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að aðfaranótt 18. janúar þ. á. var hann inn við Laugarnar við Reykjavík. Fór hann þaðan á 2. tímanum um nóttina og gekk fram á stúlkur tvær, Petrínu Sigríði Bjarnadóttur og Þóru Ólafsdóttur, báðar 16 ára gamlar, sem voru á heimleið úr Laugunum með þvott og voru komnar samt upp frá Laugunum, þar sem vegirnir skiftast. Ákærði réðst á stúlkur þessar; sneri hann sér fyrst að Petrínu og hratt henni flatrí á andlitið niður á veginn, og sagði um leið: »nú skal eg taka þig, helvítið þitt«. Datt Petrína á grúfu með andlitið niður í götuna og hruflaðist lítið eitt á enni og nefi, og hljóp nokkur bólga í andlitið

af því, en hún var að mestu leyti hjöðnuð annan dag eftir. Ákærði skifti sér svo ekki frekara af Petrínu, og hljóp hún strax ofan að Laugunum til að sækja þangað mannhjálp, því að ákærði veittist þá að Þóru, kastaði henni til jarðar, lagðist ofan á hana, fletti upp um hana pilsunum, og reif nærbuxur hennar, svo að hún var ber fyrir, en ekki fór hann höndum um hana bera eða reyndi að taka sundur fætur hennar og ekki hnepti hann upp buxum sínum. Stúlkán varðist ákærða eftir megni með því að hrinda honum og ýta frá sér, sagði honum að sleppa sér og hótaði að klaga hann, því að hún kvaðst þekkja hann. Lét þá ákærði stúlkuna lausa og hljóp burtu, og var hann horfinn, er Petrína kom aftur að vörmu spori með 2 karlmenn til hjálpar við Þóru. Ákærði hafði haft brennivínsflösku með sér í þetta skifti inn í Laugarnar, og drukkið úr henni á leiðinni, og kveðst því eigi hafa verið algáður þegar hann réðst á stúlkurnar, en ekki tóku stúlkurnar þó eftir því, að hann væri kendur. Hann hefir kannast við það, að það hafi verið ásetningur sinn þegar hann mætti stúlkunum að komast yfir aðra hvora þeirra, en hann segist hafa látið af fyrirætlun sinni, af því að hann fann, að stúlkunni (Þóru) hafi verið full alvara að vilja ekki lofa honum að eiga við sig, og hafi hann þó eigi efast um, að hann ætti allskosta við hana, ef hann hefði beitt sér eins og hann gat, og ekki kveðst hann hafa hætt tilraun sinni við Þóru af því, að hann

væri hræddur við eða hugsaði út í það, að neinn kynni að koma að þeim þar. Þóra Ólafsdóttir hefir heldur ekki þorað að fullyrða, að ákærði hafi beitt sér við hana eins og hann gat, eða að hún hefði getað varist honum, ef hann hefði gert það.

Báðar stúlkurnar, Þóra og Petrína, eru taldar síðsamar stúlkur, sem ekkert lauslætisorð hafa á sér.

Ákærði hefir í öðru lagi játað það, og það er staðfest með öðrum skýrslum í málinu, að fyrir 5 árum, í marzmánuði 1898, réðst hann með líkum hætti í Kirkjustræti í Reykjavík á kvenmann, Ragnheiði Jónsdóttur, sem þá var vinnukona og talin síðsöm stúlka, en sem nú er gift kona í Reykjavík. Var Ragnheiður á heimleið til sín nálægt kl. 10 um kveldið, þegar ákærði gekk fram á hana á nefndum stað, og þreif hann utan um hana með þeim ummælum, að gaman væri að hafa samræði við hana; brá henni síðan, svo að hún féll á bakið og fletti upp um hana pilsunum. Stúlkun hljóðaði eins og hún gat, en ákærði vafði sjali hennar um höfuð henni til þess að kæfa hljóðin. Meira gerði ákærði ekki að verkum, en slepti stúlkunni hér um bil strax og fór burtu. Ákærði kveðst hafa verið nokkuð drukkinn, er hann aðhafðist þetta, en eftir skýrslum málsins verður þó ekki álitid, að svo mikið hafi kveðið að því, að það ástand hans eigi að hafa áhrif á sakhæfi hans.

Ákærði hefir tvisvar áður sætt refsingu fyrir þjófnað, 5 daga og 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, samkvæmt aukaréttardómum Reykja-

víkur uppkveðnum 21. des. 1889 og 24. ágúst 1897. Afbrot hans í þessu máli eru af undirdóm-
 aranum réttilega heimfærð undir 177. gr. sbr. 169.
 gr. alm. hegningarlaga og þykir refsingin fyrir
 þau hæfilega ákveðin 6×5 daga fangelsi við vatn
 og brauð. Yfirdómurinn felst á málskostnaðará-
 kvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með
 nefndri hækkun á refsingunni. Ákærða ber og að
 greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað,
 þar með talin málsfærslulaun sækjanda og ver-
 janda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus
 og málsfærlan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður,
 þó þannig, að refsing hans sé 6×5 daga
 fangelsi við vatn og brauð. Ákærði, Björn
 Guðmundsson, greiði og allan áfrýjunarkostnað
 málsins, þar með talin málsfærslulaun
 skipaðs sækjanda og verjanda fyrir yfir-
 dóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna
 Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar,
 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að full-
 nægja með aðför að lögum.